

Athugasemdir Félags skógarbænda á Vesturlandi (FsV) við frumvarp um mat á umhverfisáhrifum, sem lagt hefur verið fyrir 125. löggjafarþingið.

Alþingi
Erindi nr. P 125/1345
komudagur 30.3. 2000

Stjórn FsV þakkar umhverfisnefnd alþingis fyrir að veita þetta tækifæri til umsagnar um ófangreint lagafrumvarp. Við teljum brýnt, að gerðar verði nokkrar breytingar á fyrirbyggjandi frumvarpstexta. Breytingartillögur okkar við einstakar greinar fara hér á eftir, ásamt greinargerð.

Þann 4. febrúar sl. kynnti skipulagsstjóri sjónarmið Skipulagsstofnunar varðandi skógræktarverkefni, sem fyrirhuguð er skv. lögum nr. 56 frá 1999. Fram kom í máli hans, að miðað við óbreyttan texta þess frv., sem hér er til umfjöllunar, líti hann svo á, að öll skógrækt á 40 ha svæði eða stærra skuli gangast undir mat á umhverfisáhrifum. Af þessum sökum leggjum við mikla áherslu á, að þannig verði búið um hnútana við lagasetningu þessa, að ekki verði hætt á slíkri túlkun laganna af hálfu Skipulagsstofnunar.

Breytingartillögur okkar við fyrirbyggjandi drög:

- a) Í 5. gr. **Fellt verði út:** "Málsmeðferð slíks mats skal vera jafngild þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í IV. kafla". **Rök:** Sé þessi málsgrein höfð inni, gæti öll málsgreinin frá "Heimilt er ráðherra..." orðið þýðingarlaus, því hvernig á ráðherra að geta heimilað annars konar mat, þar sem hann á m.a. að mæla fyrir um hvaða aðgang almennings skuli hafa að þeim upplýsingum, sem safnað er, ef í næstu setningu er kveðið á um, að málsmeðferð þessa sama mats skuli vera jafngild þeirri, sem mælt er fyrir í IV. kafla! Reynslan af viðhorfum Skipulagsstofnunar bendir nefnilega til þess, að hún muni túlka þetta orð - "jafngild" - mjög stíft. Þess má geta, að eftir þessa breytingu yrði greinin í meira samræmi við EC- textann, sbr. þriðja lið 2. greinar í 85/337EEC.
- b) Eftirfarandi athugasemd er hér gerð við 9. gr., þar sem segir: "Í matsskýrslu skal tilgreina þau áhrif, bein og óbein, sem hin fyrirhugaða framkvæmd og starfsemi, sem henni fylgir, kann að hafa á menn, samfélag, menningu og menningararf, dýr, plöntur og annað í lífríkinu, jarðveg, vatn, loft, veðurfar, jarðmyndanir og landslag, efnisleg verðmæti og samverkun þessara þátta": Líklega getur aðeins einn aðili uppfyllt þessar kröfur til matsskýrslunnar, þ.e.a.s. guð almáttugur. Hið sama á við, jafnvel þótt tekið væri út, það sem í hinni metnaðarfullu upptalningu er umfram texta Evrópusamþykktarinnar. Við bendum á, að sé vilji til þess, er hægt á grundvelli þessa lagatexta að hafna öllum skýrslum, sem fram kunna að verða lagðar. Okkur er ljóst, að Íslendingar eru bundnir af því, að fella inn í lög þessi a.m.k. þann texta, sem fram kemur í 85/337/EEC með þeim breytingum, sem gerðar voru í 97/11/EC frá 3. mars 1997. Hins vegar ætti að vera óþarft að bæta við upptalninguna, þegar svona er í pottinn búið. **Við leggjum því til, að felld verði út úr upptalningunni eftirfarandi orð:** "samfélag"; "menningu"; "annað í lífríkinu"; "jarðmyndanir" ("menn" og "landslag" yrði engu að síður í textanum!).
- c) Í 10. grein þarf málfræðilega leiðréttingu. Neðst í 5. málsgrein ætti að nota viðtengingarhátt nútíðar af sögninni "að þurfa".
- d) Í Viðauka 2. leggjum við til að lið 1. d) verði breytt til samræmis við texta EC og hljóði þannig: *Nýræktun skóga, sé hætt á, að af henni hljótist verra vistkerfi en fyrir var, sem og eyðing skóga.*
- e) Í Viðauka 3. leggjum við til, að 2. ii hljóði þannig: *gnægðar og gæða náttúruauðlinda í landshlutanum, sem og endurnýjunargetu þeirra.* Um er að ræða breytingu, sem við teljum, að feli í sér nákvæmari þýðingu á enska textanum í EC-plagginu og um leið skýrari framsetningu en í texta fyrirbyggjandi lagafrumvarps.
- f) Í Viðauka 3: Kafli 2. iii í frumvarpinu er nánari íslensk útfærsla á enska textanum í 2. grein, (d) og (e) í 97/11/EC. **Við gerum athugasemd við 2. iii (c) í frumvarpinu,** þar sem gert er ráð fyrir að sérstaklega sé hugað að svæðum innan 100 m fjarlægðar frá fornminjum. Lýsum við eftir rökum fyrir þessari fjarlægðarviðmiðun, sem okkur virðist vægast sagt yfirdrifið, sbr. greinargerð. Liður þessi gæti einfaldlega hljóðað þannig: *svæða, sem njóta verndar skv. þjóðminjalögum.*
- g) Í Viðauka 3. teljum við rétt að sleppa lið 2. iv (d), enda er um að ræða endurtekningu á hluta upptalningar í lið 2. iii. Að vísu er því bætt við þarna að sérstaklega skuli tekið tillit til "svæða á Náttúruminjaskrá". Þarna myndi vera um að ræða þau svæði á Náttúruminjaskrá, sem ekki eru talin upp í lið 2. iii og njóta ekki neins konar friðlýsingar skv. lögum. Okkur þykir óvarlegt að gera

slíkum svæðum svo hátt undir höfði, enda gætu embættismenn þar með heimtað umhverfismat á öllum svæðum á Náttúruminjaskrá. **Hafa ber í huga, að á Náttúruminjaskrá eru m.a. svæði, sem einhverjum hefur einhvern tíma dottið í hug að bæri að friðlýsa, þótt hugmyndin hafi ekki fengið frekari umfjöllun.**

- h) Í Viðauka 3. leggjum við einnig til, að í 2. iv (e) (sem yrði (d), ef athugasemd g) verður tekin til greina) komi í stað orðanna "ósnortinna víðerna" orðið *óbyggða*. Rökkin fyrir þessu eru þau, að ósnortin víðerni eru ekki til á Íslandi.
- i) Í Viðauka 3. leggjum við einnig til, að 2. iv (f) (sem vonandi breytist í (e)) verði breytt til samræmis við enska textann og þar standi eingöngu orðið *skóglendis*. Erfitt er að skilgreina hugtakið "upprunalegt gróðurlendi", enda ekki notað í enska textanum. Nægjanlegt tillit er tekið til verndarsjónarmiða við lagasetningu þessa með upptalningunni í lið 2.iii í Viðauka 3. og uppfyllir hún riflega lágmarkskröfur EC, hvað það varðar.
- j) Í Viðauka 3. leggjum við til, að liður 3. iv hljóði þannig: *tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa*.
- k) Í Viðauka 3. leggjum við til, að felldur verði niður fyrirleggjandi texti í lið 3. v. Í stað hans kæmi í samræmi við 97/11/EC: *hversu umfangsmikil og margbreytileg áhrif um er að ræða*.

Greinargerð.

Umhverfisáhrif skógræktar.

Almennt getur skógrækt ekki flokkast undir starfsemi, sem skaðleg er umhverfinu. Á þessu eru þó undantekningar. Helstu agnúar á skógrækt tengjast eftirtöldum atriðum:

- a) *Hún breytir ásýnd lands.*
- b) *Hún getur þurrkað upp votlendi.*
- c) *Oft er notast við innfluttar tegundir.*
- d) *Tegundasamsetning plöntu- og dýraríkis breytist, ef skógur vex upp, þar sem áður var berangur (minni lífbreytileiki?).*
- e) *Skógur skyggir á útsýni.*
- f) *Skógur getur spillt fornminjum.*

En skoðum þessi atriði nánar:

a) Hér á landi eru til dæmi um ferkantaða litla trjáreiti í fjallshlíðum, sem eru landslagslýti að flestra mati. Þær verklagsreglur, sem nú tíðkast við skipulagningu nýrra skógræktarsvæða, ættu að tryggja, að skógur framtíðarinnar falli vel að landinu, svo framarlega sem t.d. lög um mat á umhverfisáhrifum og framkvæmd þeirra leiði ekki til þess, að eingöngu verði ræktaðir tiltölulega litlir reitir á hverju býli. Reynslan sýnir nefnilega, að auðveldara er að fella skóg á stóru samfelldu svæði að landi en smáa skógarreiti. Fjölmargir eru þeirrar skoðunar, að **viða mætti bæta ásýnd landsins verulega með því að rækta á því skóg, svo fremi sem hann sé felldur að landinu.**

b) Þegar skógur vex upp breytist vatnsbúskapurinn. Minna verður um að vatn renni undan halla á yfirborði jarðar og bleyti upp flatlendi neðan við hallann. Jafnframt helst jarðveginum betur á raka í þurrkatið. Segja má að vatnsbúskapur jafnist. Þetta gæti þýtt, að mýri þorni upp, ef skógur vex upp á holtum umhverfis hana. Ber að líta á þessi umhverfisáhrif sem neikvæð? Áður en þeirri spurningu er svarað, ber að hafa í huga, að víða um land er votlendi í dag, þar sem skógur óx til forna. Við eyðingu skóganna mynduðust semsagt ný votlendissvæði. Hið sama hefur verið að gerast á Nýja-Sjálandi á 20. öldinni, þ.e. votlendi hefur myndast í kjölfar eyðingar skóga. Því má með sanni segja, að þegar mýri þornar vegna uppvaðandi skógar í grenndinni, endurheimtist tapað þurrlendi. Hin hliðin á peningnum er svo auðvitað sú, að með því að rækta skóg í halla, dregur verulega úr hættu á vatnsrofi.

c) **Hvað er erlend tegund?** Margar trjátegundir uxu hér á landi á tertíerskeiði jarðsögunnar, en dóu út á kuldaskeiðum ísaldar. Hér á landi hafa fundist steingerðir stofnbútar af *Sequoia* (rauðviður). Eins lifðu af hér á landi fram yfir fyrstu kuldaskeiði ísaldar tegundir eins og skógarfura og elritegundir. Ekki er ljóst, hvort t.d.

blæosp lifði af ísöldina eða barst hingað á nútíma. Kannski barst hún hingað eftir landnám manna. **Spyrja má: eru Íslendingar sjálfir innflutt tegund?** Hafa ber í huga, að Ísland er eyja langt frá öðrum löndum. Tegundum fækkaði á ísöld, en landið of fjarri meginlöndum til að margar tegundir, sem hér geta vaxið, gætu borist hingað fyrir einskæra tilviljun á yfirstandandi hlýskeiði. Sé einnig haft í huga, að hér á landi hefur orðið vistfræðilegt stórslys eftir landnám manna, getur talist verjandi að nota ýmsar leiðir til endurheimtar frjósemi jarðvegs og til að gera landið byggilegra, sem öðrum kosti þættu óæskilegar. **Öfugsnúið væri að amast við notkun ýmissa nytjategunda til skógræktar og landgræðslu á Íslandi, á þeim forsendum að þær þrífist hér vel** (og gagnast vel til að endurheimta töpuð landgæði), og veiti því "innlendum" tegundum hættulega samkeppni. Oftar en ekki hafa hinar innlendu tegundir nefnilega fyrir áhrif manna helgað sér margfalt víðlendari svæði, en raun var á fyrir landnám.

d) Eins og vikið er að í c) hefur orðið mikil röskun á gróðurlendi Íslands eftir landnám. Þar sem ekki er beinlínis búið að eyða gróður- og jarðvegshulunni, ríkja í dag víðast hvar gróðursamfélög, sem til eru komin vegna áhrifa aldalangs beitarbúskapar. M.ö.o.: Á Íslandi eru ríkjandi gróðursamfélög víðast hvar manngerð á óbeinan hátt (vegna búfjárhalds). Því eru það ekki haldbær rök gegn skógrækt, þótt sú starfsemi myndi draga úr útbreiðslu ákveðinna gróðursamfélaga, t.d. lyngmóa, mosapembu, þursaskeggsmóa eða snarrótarflesju. **Meðan aðeins er fyrirhugað að rækta skóg á 5% af láglendi Íslands, er heldur ekki tímabært að hafa áhyggjur af því, að sjaldgæf búsvæði muni verða í útrýmingarhættu.** Blómlendisbrekkur og snjóalautir eru dæmi um fremur sjaldgæf búsvæði, en hvort tveggja eru samt búsvæði, sem til eru komin vegna áhrifa beitarbúskapar. Blómlendisbrekkur eru afar óstöðug búsvæði og verða ekki sjaldgæfari með aukinni skógrækt. Snjóalög jafnast og verða stöðugri, þegar skógur vex upp á bersvæði. Því munu snjóalautir sem slíkar verða sjaldgæfari, þegar útbreiðsla skógar eykst. Hins vegar munu margar þær tegundir, sem nú er helst að finna í snjóalautum una sér vel í skógi. ATH: Sú kortlagning gróðurfars, sem er undanfari skógræktarinnar á að tryggja, að tegundir á valista fái sérstaka meðhöndlun, þar sem þær finnast. **Þótt skv. skilgreiningu sé yfirleitt ekki gert ráð fyrir, að hægt sé að auka lífbreytileika með notkun aðfluttra tegunda, getur annað átt við, þegar gróðurlaus eða stórlega röskuð svæði eru tekin til uppgræðslu og skógræktar.**

e) Þau landshlutaverkefni í skógrækt, sem nú eru í burðarliðnum, munu á næstu 40 árum rækta skóg á 5% láglendis, hvert í sínum landshluta. Þessi lága hlutfallstala ætti að vera þokkaleg trygging fyrir því, að ástæðulaus sé ótti sumra við, að Ísland muni skipta óðfluga um ham og skjótt verða alþakið skógi (eins og t.d. Svíþjóð). Jafnframt má benda á, að þótt skógur beggja vegna þjóðvegur sé einsleitt útsýni (þegar ekið er eftir veginum á 90 km hraða), skapast í skóginum fjölbreytilegra útsýni fyrir göngufólk, en var á berangrinum áður en skógurinn óx þar upp. **Skógartrén sjálf og nærumhverfi þeirra, veita nefnilega fjölbreytta upplifun, svo framarlega sem farið er um landið á gönguhraða.**

f) Grófrætur skógartjánna geta vissulega riðlað gömlum hleðslum. Hins ber að gæta, að grófrætur ná yfirleitt ekki nema tvo til þrjá metra út frá rótarhálsi. Því væri hægt að tryggja fornleifar gegn aðgangshörðum trjárótum með því að gróðursetja ekki nær slíkum leifum en í 5-10 m fjarlægð. Stór rjóður kringum fornleifar gætu orðið landslagslýti, en myndu reyndar með tímanum fyllast af sjálfsánum trjágróðri, svo sem birki, víði og reynivið. Ekki má heldur gleyma því, að skógur getur stuðlað að verndun fornminja, þar sem hann torveldar umferð vélknúinna ökutækja "hvert á land sem er".

Friðun eða ræktun.

Skógrækt í þjóðgördum, þar sem áhersla er lögð á að gróðurfar fái þróast án afskipta manna, er ekki af hinu góða. Eins eru dæmi um landslagsgerðir, sbr. 37 gr. Laga um Náttúruvernd frá 1999, þar sem skógrækt er í flestum tilvikum óæskileg og skyldi ekki stunduð, án leyfis Náttúruverndar ríkisins. Sumir gagnrýna allar skógræktarframkvæmdir, hvar sem þær eru stundaðar, á þeirri forsendu, að náttúran eigi almennt að fá að þróast án afskipta mannanna. Þeir hinir sömu virðast annaðhvort ekki vita, eða kjósa að þegja um, að gróðurfar á Íslandi er, að undanskyldum fáeinum óaðgengilegum stöðum, sterklega mótað af mannanna verkum, ekki síst beit húsdýra.

Ásýnd landsins.

Áður en hafist er handa við skógrækt á einstakri bújörð, er fyrirhugað skógræktarsvæði kortlagt, m.a. hvað varðar gróðurfar, en einnig eru fleiri breytur dregnar fram. Síðan er plöntuvali hagað eftir landgerðum. Afleiðingin er sú, að tegundir eru settar í þau svæði, sem þeim henta best, og að skilin milli tegunda verða skv. boði náttúrunnar. Verklag þetta er nokkur trygging fyrir því, að skógurinn muni falla að landinu, auk þess sem þrifleg tré á réttum stað eru til meiri yndisauka en tré, sem sífellt hanga á horriminni. Kortlagningin er unnin af vel menntuðu fólki, sem er nokkur trygging fyrir því, að sjaldgæfar plöntur séu kortlagðar og hægt að vernda búsvæði þeirra við framkvæmdirnar. Einnig er reynt að hanna útjaðra skógræktarreita með landslagsvernd í huga. Ef málavextir eru hins vegar túlkaðir þannig, að allar breytingar á ásýnd landsins séu neikvæð umhverfisáhrif, er ljóst, að nái skógræktarsvæði ákveðnu flatarmáli, fer skógræktin að hafa "umtalsverð umhverfisáhrif", og þarf þá fortakslaust að meta umhverfisáhrif hennar, skv. þeim drögum að lögum um mat á umhverfisáhrifum, sem hér eru til umfjöllunar. **Mikilvægt er, að löggjafinn hafi í huga við lagasetningu þessa, að breytingar á ásýnd landsins vegna skógræktar á berangri eða uppgæðslu á lítt grónu landi eru að öðru jöfnu til bóta og að hitt eru undantekningar, þegar setja þarf skorður við slíkri starfsemi.**

Umhverfismat - fyrir hvern?

Eftirlit þarf að hafa ákveðinn tilgang. Ef vilji er fyrir því að teygja eftirlit langt umfram það, sem nauðsynlegt getur talist til að ná þeim markmiðum, er búa að baki hugsuninni um umhverfismat og umhverfisvernd, verður að taka pólitíska ákvörðun þar um. Þá verða menn líka að vera reiðubúnir að foma miklum fjármunum til þess arna.

Fyrir liggja áætlanir um skógrækt á 5% láglendis á Vesturlandi. Þessi hlutfallstala er áskilin í lögum nr. 56 frá árinu 1999 um landshlutabundin skógræktarverkefni. Lagðar hafa verið fram kostnaðaráætlanir fyrir verkefnið. Ljóst er að verkefnið sjálft getur ekki að óbreyttu tekið á sig þann viðbótarkostnað, sem hlytist af því, ef meta þyrfti umhverfisáhrif sérhverrar ræktunaráætlunar. Án viðbótarfjárveitinga til umhverfismatsins er ljóst, að þarfar framkvæmdir eins og skógrækt í hinum dreifðu byggðum, yrðu þá mjög í skötulíki, enda fáir bændur reiðubúnir til, eða þess umkomnir, að reiða fram úr eigin vasa umtalsverða fjármuni í þessu skyni.

Í dag er staðan þannig, hvað varðar skógrækt sem tegund landnýtingar, að hún er aðeins talin óæskileg og takmörkuð eða bönnuð í undantekningartilvikum. Mikilvægt er, að þingmenn uggi að sér og láti ekki leiðast til að setja lög, sem herði svo að þessum vaxtarbroddi í íslenskum landbúnaði, að hann kafni í fæðingu vegna ofureftirlits og tilheyrandi kostnaðar.

Virðingarfyllst, Vilmundarstöðum 29. mars 2000,

f.h. FsV,

Sigvaldi Ásgeirsson.